



Sögufræg hús í hjarta borgarinnar

Austurstræti 11 og Hafnarstræti 10, 12 og 14



Árið 1924 málaði Jóhannes S. Kjarval veggmyndir við stigauppgang á annarri hæð er sýndu fiskiskip á leið til hafnar, saltfiskverkun í landi og sjómenn við störf. Svo vegleg og litrík veggmálverk í opinberri byggingu voru nýjung hér á landi.

Austurstræti 11

Landsbankahúsið við Austurstræti 11 er eitt glæsi-legasta hús Reykjavíkur. Húsið var reist árið 1898 en var endurbyggt og stækkað árið 1924 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar sem teiknaði jafnframt allar innréttingar. Austurstræti 11 var friðað árið 1991 og nær friðunin yfir ytra byrði hússins, vegglistaverk og innréttingar frá árinu 1924. Viðbygging við húsið var tekin í notkun árið 1940, fyrst á tveimur hæðum en þriðju hæðinni var bætt við árið 1970. Viðbyggingin er við Pósthússtræti og tengir saman húsin við Austurstræti og Hafnarstræti.

Í afgreiðslusal á 1. hæð hússins er vegglistaverk sem Jóni Stefánssyni var falið að mála árið 1923 af íslenskum sveitabúskap. Ári síðar málaði Jóhannes Sveinsson Kjarval veggmyndir á annarri hæð er sýndu fiskiskip á leið til hafnar, saltfiskverkun í landi og sjómenn við störf.

Austurstræti 11 er þrjár hæðir, kjallari og ris, samtals 2.813 m².

- 1. hæð: 847 m²**
- 2. hæð: 468 m²**
- 3. hæð: 538 m²**
- 4. hæð (ris): 448 m²**
- Kjallari: 512 m²**

Húsið var friðað árið 1991

Austurstræti 11 var friðað árið 1991 og nær friðunin til hússins sem var reist árið 1924 og þeirra innréttinga sem voru gerðar þá. Umtalsverðar breytingar voru gerðar á innréttingum fram til 1991 en friðunin nær einungis yfir þær innréttingar sem voru upp-runalegar við friðunina.



Samkvæmt mati frá 2019 nær friðunin frá árinu 1991 til eftirfarandi:

Ytra útlit

Veggir, gluggar, þak og skreytingar.

Innréttingar og skreytingar

Á fyrstu hæð: Tréstigi úr afgreiðslusal upp á 2. hæð. Gluggar að innanverðu og rammar utan um þá, veggmynd Jóns Stefánssonar í afgreiðslusal. Skrautlistar í loftakverkum og rósettur í loftum, marmaragólf í afgreiðslusal. Hvelvingahurð í afgreiðslusal, veggpanill í afgreiðslusal undir gluggum. Hurðir og rammar í afgreiðslusal, vestan við veggmynd Jóns Stefánssonar.

Á annarri hæð, austur: Hurðir, veggpanelar og gluggar að innanverðu ásamt skreytilistum og rósettum. Á annarri hæð, vestur: Gluggar, skrautlistar ásamt rósettum og hurðum en ekki panelar.

Á þriðju hæð: Hurðir og skreytilistar. Rósettur ásamt gluggum. Í risi (4. hæð) eru engar upprunalegar innréttingar. Í kjallara eru geymsluhólf og eru þar líklega upprunalegar veggflísar ásamt hvelvingahurðum. Miðað við fyrri mót er skýrt að viðbyggingin við Pósthússtræti eða sá hluti afgreiðslusalarins sem er í þeirri byggingu fellur ekki undir friðunina.



Hafnarstræti 10-12 nær og Hafnarstræti 14 fjær.

Hafnarstræti 10-12

Hafnarstræti 10-12 gekk áður undir nafninu Edinborgarhúsið og var byggt árið 1923 eftir uppdráttum Einars Erlendssonar. Húsið var upphaflega þrjár hæðir en fjórðu hæðinni var síðar bætt ofan á. Árið 1958 voru húsin tengd við Austurstræti 11 með brú.

- 1. hæð: 305 m²
- 2. hæð: 356 m²
- 3. hæð: 374 m²
- 4. hæð: 340 m²

Hafnarstræti 14

Hafnarstræti 14 var reist árið 1970. Jarðhæðin er tengd við afgreiðslusal Austurstrætis 11 og þar er vegglistaverkið Konungssæmd eftir Nínu Tryggvadóttur frá árinu 1971.

- 1. hæð: 188 m²
- 2. hæð: 195 m²
- 3. hæð: 270 m²
- 4. hæð: 127 m²


Húsin við Austurstræti 11, Hafnarstræti 10, 12 og 14, að viðbyggingum meðtöldum, eru skráðar undir sama fasteignanúmeri, allt undir eigninni Austurstræti 11.

Hús sem voru byggð árið 1923 eða fyrr njóta friðunar vegna aldurs. Í því felst að óheimilt er að raska þeim, spilla eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.


Fasteignamat eignanna er 2.276 m.kr. og brunabótamat er 3.650 m.kr. Óskað er eftir tilboðum.

Salan er í höndum Eignamiðlunar og Mikluborgar. Nánari upplýsingar er hægt að fá með því að senda tölvupóst í netfangið kjartan@eignamidlun.is eða throstur@miklaborg.is.


Mögulegt er að skipulagi hafi verið breytt frá því sem sýnt er á myndunum hér til hliðar.




Austurstræti 11, Hafnarstræti 10-12-14, 1. hæð. 1.279 m².




Austurstræti 11, Hafnarstræti 10-12-14, 2. hæð. 1.094 m².



Austurstræti 11, Hafnarstræti 10-12-14, 3. hæð. 1.107 m².



Austurstræti 11, Hafnarstræti 10-12-14, 4. hæð. 976 m².



Austurstræti 11, Hafnarstræti 10-12-14, kjallari. 1.380 m².